

X. KAFLI  
**Skrá um vegabréf.**

27. gr.

Ríkislögreglustjórinn skal halda miðlæga skrá á tölvutæku formi um öll útgefin vegabréf, þar með talin diplómatisk vegabréf, þjónustuvegabréf, vegabréf fyrir útlendinga, ferðaskilríki fyrir flóttamenn og vegabréf til bráðabirgða.

Skráin skal geyma allar upplýsingar sem skráðar eru í vegabréf um handhafa þess. Ljósmynd af handhafa vegabréfs skal einnig geymd í skránni. Þeir sem taka við umsóknnum um vegabréf, skulu annast skráningu þessara upplýsinga. Jafnframt skal ríkislögreglustjórinn, þegar vegabréf er gefið út, skrá útgáfudag, gildistíma og númer vegabréfs.

Skráin skal búin aðgangstakmörkunum þannig að hægt verði að veita mismunandi aðgang að kerfinu eftir þörfum notenda.

Ríkislögreglustjórinn ákveður hvaða aðilar fái aðgang að skránni og setur nánari reglur um hana að fenginni umsögn tölvunefndar.

XI. KAFLI  
**Gildistaka o.fl.**

28. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 11. gr. laga um vegabréf nr. 136 22. desember 1998 og 1. og 2. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 45 12. maí 1965, öðlast gildi 1. júní 1999. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um íslensk vegabréf nr. 169 22. apríl 1987.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. apríl 1999.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Arnar Þór Jónsson.*

AUGLÝSING

**um deiliskipulag frístundabyggðarinnar „Lækjar“  
í landi Brekkna og Reyðarvatns í Rangárvallahreppi.**

Samkvæmt 4. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga og 2. mgr. í gr. 6.4 í skipulagsreglugerð, hefur hreppsnefnd Rangárvallahrepps þann 20. október 1998 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðarinnar „Lækjar“ í landi Brekkna og Reyðarvatns í Rangárvallahreppi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis í landi Brekkna og Reyðarvatns í Rangárvallahreppi sem nánar er tilgreint á uppdrætti og gerir ráð fyrir frístundabyggð (sumarbústöðum á landgræðslulóðum).

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 12. apríl 1999.*

F.h. hreppsnefndar Rangárvallahrepps,  
**Guðmundur Ingi Gunnlaugsson** sveitarstjóri.